

4. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 4. júní, kl. 14.00, í Flúðaskóla. 17. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Anna K. Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði boðuðu forföll.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Samningar um skólaakstur**
- 3. Skipurit Flúðaskóla.**
- 4. Umsókn um ársleyfi frá störfum.**
- 5. Rekstrarkostnaður grunnskóla m.v. nemendafjölda**
- 6. Ný skólastefna.**
- 7. Ástand húsnæðis og aðstöðu, kynnisferð með húsverði og umsjónarmanni.**
- 8. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólahald hefur gengið vel í vetur 29 nemendur útskrifuðust úr 10. bekk en alls voru 152 nemendur í lok skólaárs. Starfsskýrslur verða settar á heimasíðu skólans, allar nema vegna sérkennslu.

Vordagar

Elstu nemendur leikskólans og 1. – 8. bekkur tók þátt í skógardögum þar sem margvísleg verkefni voru leyst úti í náttúrunni. Sett var niður í matjurtagarð við skólann og leikskólann, gróðursett voru ávaxtatré hér í bakgarðinum og plantað út bæði með skógræktarfélaginu og einnig í brekkuna fyrir neðan Hofatúnið.

Elstu bekkingar tóku þátt í áskorun sem fólst í því að leysa margvísleg verkefni úti og inni. Þau fengu lista með verkefnum og þurftu að leysa ákveðinn fjölda verkefna og kynna það.

Hefðbundin ferðalög voru einnig nú á vordögum og þá var haldið sundmót með léttu ívafi.

9. bekkingar

6 nemendur útskrifuðust úr ensku og 1 í dönsku við lok 9. bekkjar og þá lauk einn nemandi í 9. bekk stærðfræði um síðustu áramót. Þessir nemendur munu verða í framhaldsskólaáföngum næsta vetur.

Fjarnemar

Nokkuð hefur aukist að nemendur í fjarnámi á framhalds- og háskólastigi fái að taka próf í skólanum. Þetta vorið voru haldin 15 slík próf í skólanum þar af fjögur sem nemendur Flúðaskóla tóku.

Starfsmannamál

Nú liggur fyrir önnur leyfisbeiðni frá kennara og því er líklegt að ráða þurfi í þá stöðu sem er um 70% starfshlutfall. Einnig þarf að ráða í stöðu ræstinga, stuðningsfulltrúa og umsjónarmanns skólasels.

Nú erum við að vinna í stundatöflugerð, þegar sú vinna er lengra komin sem verður í lok þessarar viku sjáum við endanlega hvað við þurfum af mannskap.

2. Samningar um skólaakstur.

Farið var yfir samninga um skólaakstur fyrir næsta skólaár 2012-2013. Fræðslunefnd samþykkir samningana fyrir sitt leyti.

3. Skipurit Flúðaskóla.

Rætt var um endurgerð á skipuriti fyrir skólann. Samþykkt að skólastjórar vinni málið áfram fyrir næsta fund.

4. Umsókn um ársleyfi frá störfum.

Skólastjóri lagði fram umsókn frá Sigríði Helgu Olgeirsdóttur kennara um ársleyfi. Fræðslunefnd samþykkir umsóknina.

5. Rekstrarkostnaður grunnskóla m.v. nemendafjölda.

Formaður lagði fram til kynningar upplýsingar um rekstrarkostnað grunnskóla landsins miðað við nemendafjölda.

6. Ný skólastefna.

Formaður fór yfir efni fundarins sem fram fór nýlega með ráðgjöfum Capacent þar sem kynntar voru niðurstöður Skólapingins. Fræðslunefnd leggur til að niðurstöðurnar verði gerðar aðgengilegar á netinu. Vinna við stefnumótunina haldi áfram í haust.

7. Ástand húsnæðis og aðstöðu, kynnisferð með húsverði og umsjónarmanni.

Skólastjóri fór yfir ástand húsnæðisins og aðstöðuna. Farin var kynnisferð með húsverði og umsjónarmanni um skólahúsnæðið. Skólastjórar leggja áherslu á að aðgengi að húsverði verði aukið, t.d. með fastri viðveru, til að sinna betur almennu viðhaldi sem greinilega er ábótavant. Í dag er starfshlutfall húsvarðar við Flúðaskóla 65%. Fræðslunefnd tekur undir sjónarmið skólastjóra varðandi húsvörslu.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.00